



Alþingi - umhverfis- og samgöngunefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2012

Mál nr. 1211003


Efni: Umsögn, þingsályktunartillaga um endurskoðun hvalveiða, 83. mál

Samtök atvinnulífsins og Landssamband íslenskra útvegsmanna skila hér með sameiginlegri umsögn um tillögu til þingsályktunar um gagngera endurskoðun á skipulagi og forsendum hvalveiðar, 83. mál., þskl. 83 að ósk umhverfis- og samgöngunefndar.

LÍÚ hefur þegar skipað fulltrúa sína í nefnd sem að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra óskaði eftir tilnefningum í 13. júlí 2012. Verður ekki betur séð en að starfsvið þeirrar nefndar sem starfa á samkvæmt minnisblaði ríkisstjórnarinnar frá 15. maí 2012, taki yfir þau sjónarmið sem koma fram í þessari þingsályktunartillögu.

Þingsályktunartillagan skarast því alveg við umrædda ákvörðun ríkisstjórnarinnar um nefndarskipunina. Samtökin telja tillöguna óþarfa og leggja til að hún nái ekki fram að ganga.

f.h. Landssambands íslenskra
útvegsmanna



Friðrik Friðriksson

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Pétur Reimarsson



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Steingrímur J. Sigfússon
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. ágúst 2012
Mál nr. 1208001

Efni: Tilnefning fulltrúa í nefnd

Samtökin hafa móttengið bréf ráðuneytisins frá 13. júlí sl., þar sem óskað er eftir því að Landssamband íslenskra útvegsmanna tilnefni fulltrúa í nefnd til að yfirfara nógildandi löggjöf á sviði sjávarpendýra, setja fram tillögur um stefnumörkun auk fleiri verkefna.

Við tilnefnum sem aðalmann Kristján Loftsson, Laugarásvegi 19, 104 Reykjavík, og til vara Friðrik Friðriksson, Hjallabrekku 36, 200 Kópavogi.

Vegna tilvísunar ráðuneytisins til 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, þá ber að upplýsa ráðuneytið að sérfræðingar samtakanna á þessu sviði eru karlar og því getum við ekki tilnefnt konu að þessu sinni. Vísað er til 2. mgr. 15. gr. laganna í þessu samhengi.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson



Landssamband íslenskra útvegsmanna
Friðrik J. Arngrímsson
Borgartúni 35
105 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 8300 bréfasími: 552 1160
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

Reykjavík 13. júlí 2012
Tilv.: SLR12010107/10.3

Efni: Óskað tilnefningar í nefnd.

Með vísan í meðfylgjandi minnisblað, sem afgreitt var af ríkisstjórninni 15. maí sl. hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra ákveðið að skipa nefnd til að yfirfara nógildandi löggjöf á sviði sjávarspendýra og að setja fram tillögur að stefnumörkun. Nefndin skal sérstaklega fjalla um gríðarsvæði hvala og dýraverndarsjónarmið. Þá skal nefndin fara yfir efnahagslega þýðingu veiðanna og stöðu ímyndarmála tengdum hvalveiðum og möguleg áhrif þeirra á aðrar atvinnugreinar.

Þess er hér með farið á leit að Landssamband íslenskra útvegsmanna tilnefni fulltrúa í nefndina. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir störf í nefndinni.

Samkvæmt 15. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008 skal við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Með vísan til þessa ákvæðis er óskað eftir að tilnefndir verði tveir einstaklingar, kona og karl. Samkvæmt greininni er tilnefningaraðila heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum til að kynjaskipting sé sem jöfnust bæði meðal aðalmanna og varamanna.

Steingrímur J Sigfússon

**Sjávarútvegs- og
landbúnaðarráðuneyti**

Minnisblað

Viðtakandi: **Ríkisstjórn Íslands**
Sendandi: **Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra**
Dagsetning: **15.05.2012**
Málsnúmer: **SLR12010107**
Bréfalykill: **10.3**

Efni: **Stefnumótun um vernd og veiða á hvöllum**

Þegar fyrsta ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur tók til starfa hófst þá þegar vinna við að yfirfara og endurmeta þá ákvörðun fyrri ríkisstjórnar að heimila veiðar á langreyði og hrefnu tii fimm ára með útgáfu reglugerðar og fjögurra veiðileyfa. Niðurstaða þeirrar vinnu var sú, að íslenska ríkið væri bundið af þeirri meginákvörðun sem af setningu reglugerðarinnar leiddi, þótt gagnrýna mætti málsmeðferð fyrri ákvörðunar. Sérstaklega var bent á nauðsyn þess að endurskoða lagalegan grundvöll hvalveiða, enda byggi þær á ófullkomnum lögum frá árinu 1949.

Í samræmi við þetta segir í samstarfsyfirlýsingu annarrar ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur:

Íslendingar áskilja sér hér eftir sem hlgað til rétt til nýtingar sjávarauðlinda samvæmt alþjóðlegum skuidbindingum. Forsendur fyrir veiðum og nýtlngu sjávarspendýra, sela og hvala, verði endurmetnar frá grunni með tilliti til sjálfbærni og efnahagsiegrar þýðingar fyrir þjóðarbúið í heild sem og alþjóðlegra skuldbindinga og ímyndar Íslands.

Á útmánuðum 2009 var vinna sett af stað við að leggja grunn að endurskoðun hvalveiðimála og eftir atvikum nýrri stefnumótun. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands var fengin til að gera úttekt og hafin vinna við að endurskoða úrelta löggjöf sem enn er stuðst við á þessu sviði. Það frumvarp hefur ekki náð fram að ganga.

Því er nú lagt til að stofnuð verði nefnd, skipuð af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra, þar sem farið verði heildstætt yfir málaflokkinn. Nefndin verði skipuð fulltrúum ráðuneyta sjávarútvegsmála, umhverfismála, ferðamála og utanríkismála. Að auki verði hagsmuna- og félagasamtökum boðið að skipa fulltrúa í nefndinni, þ.e.a.s. Félagi hrefnuveiðimanna, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Náttúruverndarsamtökum Íslands, Samtökum ferðapjónustunnar, Samtökum hvalaskoðunarfyrtækja og Verkalýðsfélagi Akraness.

Gert er ráð fyrir að nefndin njóti aðstoðar vísindamanna Hafrannsóknastofnunarinnar eftir þörfum og eigi jafnframt samráð við viðeigandi þingnefndir og taki mið af störfum nefndar umhverfisráðherra um lagalega stöðu villtra fugla og villtra spendýra.

Hlutverk nefndarinnar yrði að yfirfara núgildandi löggjöf á þessu sviði og setja fram tillögur að stefnumörkun. Nefndin skal sérstaklega fjalla um griðarsvæði hvala fyrir veiðum og dýraverndarsjónarmið. Þá skal nefndin fara yfir efnahagslega þýðingu veiðanna og stöðu ímyndarmála tengdum hvalveiðum og möguleg áhrif þeirra á aðrar atvinnugreinar.